

Frumvarp til laga

um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

(Lagt fyrir Alþingi á 146. löggjafarþingi 2016–2017.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið og skilgreining á fjármálasamsteypu.

Lög þessi gilda um viðbótareftirlit með eftirlitsskyldum aðilum á fjármáلامarkaði sem falla undir lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lög nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, og teljast hluti af fjármálasamsteypu, eins og hún er skilgreind í lögum þessum, auk móðurfélaga fjármálasamsteypa eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Fjármálasamsteypa er samstæða eða undirsamstæða þar sem eftirlitsskyldur aðili fer fyrir samstæðunni eða undirsamstæðunni eða a.m.k. eitt af dótturfélögum í samstæðunni eða undirsamstæðunni er eftirlitsskyldur aðili og uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1. Eftirlitsskyldur aðili fer fyrir samstæðunni eða undirsamstæðunni og
 - a. er móðurfélag aðila á fjármála- eða váttryggingasviði, á hlutdeild í aðila á fjármála- eða váttryggingasviði eða er tengdur aðila á fjármála- eða váttryggingasviði með eftirfarandi hætti:
 - i. Fyrirtæki og önnur fyrirtæki sem það tengist ekki, er stjórnað í sameiningu samkvæmt samningi við fyrirtækið eða samkvæmt ákvæðum í samþykktum fyrirtækjanna, eða
 - ii. meirihluti stjórnar eða stjórnenda fyrirtækisins og annarra fyrirtækja sem það tengist ekki, samanstandur af sömu einstaklingum á reikningsárinu.
 - b. a.m.k. einn aðili í samstæðunni eða undirsamstæðunni starfar á fjármálasviði og a.m.k. einn váttryggingasviði.
 - c. samanlögð umsvif aðila í samstæðunni eða undirsamstæðunni á váttryggingasviði annars vegar og fjármálasviði hins vegar teljast mikilvæg í skilningi 4. og 5. gr.
2. Eftirlitsskyldur aðili fer ekki fyrir samstæðunni en
 - a. starfsemi samstæðunnar eða undirsamstæðunnar fer aðallega fram á fjármáلامarkaði í skilningi 3. gr.
 - b. a.m.k. einn aðili í samstæðunni eða undirsamstæðunni starfar á váttryggingasviði og a.m.k. einn aðili á fjármálasviði.
 - c. samanlögð umsvif aðila í samstæðunni eða undirsamstæðunni á váttryggingasviði annars vegar og fjármálasviði hins vegar teljast mikilvæg í skilningi 4. og 5. gr.

Við tilgreiningu fjármálasamsteypu skv. II. kafla laga þessara er með samstæðu einnig átt við félag sem munu fyrirsjáanlega við næsta ársuppgjör teljast samstæða í skilningi 9. tölul. 2. gr.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Fjármálafyrirtæki*: Fjármálafyrirtæki skv. 1. tölul. 1. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, auk fyrirtækja með samskonar starfsleyfi í aðildarríki eða ríkjum utan aðildarríkja sem uppfylla skilgreiningu þeirrar greinar.
2. *Vátryggingafélag*: Vátryggingafélag skv. 2. gr. laga nr. 100/2016, um vátryggingastarfsemi, auk vátryggingafélaga með starfsleyfi í aðildarríki eða ríkjum utan aðildarríkja sem uppfylla skilgreiningu þeirrar greinar.
3. *Eftirlitsskyldur aðili*: Aðili á fjármálasviði og vátryggingasviði fjármálamarkaðar sbr. 4. og 5. tölul. þessarar greinar.
4. *Fjármálasvið*: Fjármálafyrirtæki, fjármálastofnun eða önnur þjónustu- og hliðarstarfsemi, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
5. *Vátryggingasvið*: Vátryggingafélag og eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, sbr. lög nr. 100/2016, um vátryggingastarfsemi.
6. *Móðurfélag*: Félag sem uppfyllir eitt eða fleiri neðangreindra skilyrða:
 - a. ræður yfir meirihluta atkvæða í öðru félagi,
 - b. er aðili að öðru félagi og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meirihluta stjórnar og framkvæmdastjórn þess,
 - c. er aðili að öðru félagi og hefur rétt til ákvörðunarvalds um rekstur og fjárhagslega stjórn þess á grundvelli samþykka félagsins eða samninga við það,
 - d. er aðili að öðru félagi og ræður yfir meirihluta atkvæða í því á grundvelli sammings við aðra hluthafa,
 - e. á eignarhlut í öðru félagi og hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn þess,
 - f. hvert það félag sem að mati Fjármálaeftirlitsins hefur í raun yfirráð í öðru félagi, þótt skilyrði a.-e. liða eigi ekki við.
7. *Dótturfélag*: Félag sem er í raun undir yfirráðum móðurfélags, sbr. 6. tölul. Öll dótturfélög dótturfélaga skulu talin sem dótturfélög móðurfélagsins.
8. *Hlutdeild (hlutdeildarfélag)*: Eign í félagi, þó ekki dótturfélagi, sem annað félag og dótturfélög þess eiga verulegan eignarhlut í eða hafa myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þess. Slíkt félag telst hlutdeildarfélag. Félag er ávallt talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga a.m.k. 20% eignarhlut beint eða óbeint (í hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti) í öðru félagi.
9. *Samstæða*: Hópur félaga sem samanstendur af móðurfélagi, dótturfélagi þess og þeim félögum sem móðurfélagið eða dótturfélög þess eiga hlutdeild í auk félaga sem tengjast hvert öðru með tengslum sem um getur í a- og b-lið 1. tölul. 2. mgr. 1. gr.
10. *Náin tengsl*: Náin tengsl skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
11. *Blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi*: Blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lög nr. 100/2016, um vátryggingastarfsemi.
12. *Eftirlitsstjórnvald*: Aðili sem samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis fer með eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum innan hvers sérsviðs í fjármálasamsteypu, bæði einstökum fyrirtækjum innan samstæðu og samstæðunnar í heild.
13. *Aðildarríki*: Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) eða Færeyjar.

14. *Viðskipti innan samsteypu*: Hvers konar millifærslur þar sem eftirlitsskyldir aðilar innan fjármálasamsteypu eru, beint eða óbeint, háðir öðrum fyrirtækjum innan samstæðunnar um efndir eða einstaklingum eða lögaðilum sem mynda nán tengsl við fyrirtæki innan samstæðunnar, hvort sem þær eru samkvæmt samningi eða ekki og hvort sem þær eru gegn greiðslu eða ekki.
15. *Samþjöppun áhættu*: Möguleg tapsáhætta sem hvílir á fyrirtækjum innan fjármálasamsteypu sem er nægjanlega mikil til að ógna gjaldþoli eða almennri fjárhagsstöðu eftirlitsskyldra aðila innan samsteypunnar. Slík áhætta getur m.a. myndast vegna útlánaáhættu eða mótaðilaáhættu, váttryggingaáhættu, markaðsáhættu, annarrar áhættu eða samvinnunar eða víxlverkunar þessara tegunda áhættu.
16. *Eiginfjárgrunnur*: Í lögum þessum er með eiginfjárgrunni átt við eiginfjárgrunn fjármálafyrirtækja skv. X. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og stjórnvaldsfyrirmæli sem sett hafa verið á grundvelli laganna, gjaldþol váttryggingafélaga skv. XV. kafla laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi eða, þegar það á við, framangreint metið samkvæmt sambærilegum reglum annarra aðildarríkja eða ríkja utan þeirra.
17. *Lágmarksgjaldþol*: Í lögum þessum er með lágmarksgjaldþoli átt við eiginfjárkröfu fjármálafyrirtækja skv. X. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og stjórnvaldsfyrirmæli sem sett hafa verið á grundvelli laganna, lágmarksgjaldþol váttryggingafélaga skv. XVII. kafla laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, eða, þegar það á við, framangreint metið samkvæmt sambærilegum reglum annarra aðildarríkja eða ríkja utan þeirra.
18. *Ígildi lágmarksgjaldþols*: Í lögum þessum er með ígildi lágmarksgjaldþols átt við lágmarksgjaldþol sem aðili sem ekki er eftirlitsskyldur þyrfti að uppfylla samkvæmt reglum sem gilda á fjármála- og váttryggingasviði fjármálamarkaðar ef hann væri eftirlitsskyldur aðili á þeim markaði. Í tilviki rekstrarfélaga verðbréfasjóða er um að ræða eiginfjárkröfu skv. 6. mgr. 14. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Ígildi lágmarksgjaldþols fyrir blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi skal metið samkvæmt reglum þess sérsviðs sem fjármálasamsteypan starfar aðallega á.

II. KAFLI

Fjármálasamsteypa.

3. gr.

Starfsemi samstæðu á fjármála- og váttryggingasviði fjármálamarkaðar.

Hlutfall samanlagðrar stærðar efnahagsreiknings fyrirtækja innan samstæðu á fjármála- og váttryggingasviði fjármálamarkaðar skal vera umfram 40% af heildarefnahagsreikningi samstæðunnar við ákvörðun á því hvort starfsemi samstæðu fari aðallega fram á fjármála- eða váttryggingasviði fjármálamarkaðar þegar félag sem er ekki eftirlitsskyldt fer fyrir samstæðu.

4. gr.

Mikilvæg starfsemi á fjármála- og váttryggingasviði.

Starfsemi á fjármála- eða váttryggingasviði telst mikilvæg þegar samanlögð umsvif á hvoru sviði um sig eru umfram 10% af meðaltali hlutfalla reiknuðum samkvæmt neðangreindu:

- a. hlutfall stærðar efnahagsreiknings félaga sem tilheyra viðkomandi sviði, í samanlagðri stærð efnahagsreiknings félaga innan samstæðunnar og

b. hlutfall lágmarksgjaldþols félaga sem tilheyra viðkomandi sviði í samanlögðu lágmarksgjaldþoli félaga innan samstæðunnar.

Sé meðaltal hlutfalla hærra vegna fjármálasviðs telst meginstarfsemi fjármálasamsteypunnar vera á fjármálasviði og umfangsminni starfsemi á váttryggingasviði. Að öðrum kosti telst meginstarfsemi fjármálasamsteypunnar vera á váttryggingasviði og umfangsminni starfsemi á fjármálasviði.

Rekstrarfélögum verðbréfasjóða skal bætt við það svið sem þau tilheyra innan samstæðu. Sé það ekki ljóst skal þeim bætt við umfangsminni starfsemina.

5. gr.

Önnur viðmið um hvort starfsemi

á fjármála- og váttryggingasviði teljist mikilvæg.

Þrátt fyrir að skilyrði 4. gr. séu ekki uppfyllt skal starfsemi á fjármálasviði annars vegar og váttryggingasviði hins vegar teljast mikilvæg fari samanlögð stærð efnahagsreikningsfélaga á umfangsminna sviði samstæðu umfram jafnvirði 6 milljóna evra í íslenskum krónum. Ef samstæða nær ekki hlutfallslegu viðmiði skv. 4. gr. en uppfyllir skilyrði þessarar greinar um umfangsminna svið samstæðu getur Fjármálaeftirlitið með samkomulagi við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja ákveðið að slík samstæða teljist ekki fjármálasamsteypa eða falli ekki undir 21.-23. gr. ef það telur slíkt ekki nauðsynlegt, það telst óviðeigandi eða er villandi m.t.t. markmiða viðbótareftirlits. Við slíkt mat skal taka mið af eftirfarandi þáttum:

- a. hlutfall umfangsminna sviðsins innan samstæðu er ekki umfram 5% sé það hlutfall mælt samkvæmt meðaltali a- og b-liðar 1. mgr. 4. gr. eða mælt samkvæmt annaðhvort a- eða b-lið 1. mgr. 4. gr.,
- b. markaðshlutdeild félaga á fjármálasviði og váttryggingasviði innan samstæðu er ekki umfram 5% í þeim aðildarríkjum sem félögin starfa, mælt samkvæmt stærð efnahagsreiknings á fjármálasviði eða samkvæmt brúttó bókfærðum iðgjöldum á váttryggingasviði.

Ef samstæða nær hlutfallslegu viðmiði skv. 4. gr. en samanlögð stærð efnahagsreikningsfélaga á umfangsminni sviði samstæðunnar er minni en jafnvirði 6 milljóna evra í íslenskum krónum getur Fjármálaeftirlitið með samkomulagi við önnur eftirlitsstjórnvöld ákveðið að slík samstæða teljist ekki fjármálasamsteypa eða falli ekki undir 21.-23. gr. ef það telur slíkt ekki nauðsynlegt eða slíkt myndi vera óviðeigandi eða villandi m.t.t. markmiða viðbótareftirlits.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skulu tilkynntar öðrum eftirlitsstjórnvöldum eftir því sem við á og birtar á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi.

6. gr.

Undantekningartilvik.

Við ákvörðun um hvort samstæða teljist fjármálasamsteypa skv. 3.-5. gr. getur Fjármálaeftirlitið í undantekningartilvikum og með samkomulagi við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja:

- a. undanskilið fyrirtæki frá útreikningi hlutfalla þegar þau falla undir tilvik skv. 20. gr. Slík undanþága er ekki heimil, hafi fyrirtæki verið flutt til ríkis utan aðildarríkja og ljóst þykir að fyrirtækið var flutt til að komast hjá eftirliti,
- b. tekið tillit til þess hvort mörkum skv. 3. og 4. gr. hafi verið náð í þrjú ár samfellt, en þó með hliðsjón af umtalsverðum breytingum á tímabilinu á uppbyggingu samstæðunnar,

c. undanskilja eitt eða fleiri hlutdeildarfélag sem tilheyrir umfangsminna sviði samstæðunnar ef þau geta ráðið úrslitum um hvort samstæða verði tilgreind fjármálasamsteypa og hafa óverulega hagsmuni fyrir viðbótareftirlit.

Þegar fjármálasamsteypa hefur verið tilgreind samkvæmt 3.-5. gr. og fyrirtæki innan samstæðunnar eru með höfuðstöðvar í öðrum aðildarríkjum skal Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypunnar, gera tillögu að ákvörðun samkvæmt þessari grein.

Fjármálaeftirlitið skal endurmeta árlega veittar undanþágur skv. þessari grein og skal endurskoða töluleg viðmið og áhættumat fjármálasamsteypanna.

7. gr.

Önnur viðmið.

Við mat skv. 3. og 4. gr. getur Fjármálaeftirlitið í undantekningartilvikum notað tekjusamsetningu, starfsemi utan efnahags og eignir í stýringu sem viðmið í staðinn fyrir eða til viðbótar við stærð efnahagsreiknings þegar það telur að þau hafi sérstaka þýðingu fyrir markmið viðbótareftirlits með fjármálasamsteypu. Viðmiðin er hægt að nota ein og sér eða samanlagt.

8. gr.

Breytingar á stöðu fjármálasamsteypu gagnvart viðmiðunarhlutföllum.

Fari hlutfall fjármálastarfsemi skv. 3. gr. undir 40% skal í næstu 3 ár þar á eftir miða við 35%.

Fari hlutfall mikilvægis fjármálasviðs eða váttryggingasviðs skv. 4. gr. undir 10% skal í næstu 3 ár á eftir miða við 8%.

Fari samanlögð stærð efnahagsreiknings félaga sem falla undir 5. gr. undir jafnvirði 6 milljóna evra í íslenskum krónum skal næstu 3 ár á eftir miða við jafnvirði 5 milljóna evra í íslenskum krónum.

Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypunnar, getur í samráði við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja ákveðið að fella viðmiðunarmörk skv. 1.-3. mgr. úr gildi áður en 3 ár eru liðin.

9. gr.

Stærð efnahagsreiknings.

Með stærð efnahagsreiknings skv. 3.-8. gr. er átt við samanlagða stærð efnahagsreiknings allra félaga í samstæðunni, samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi. Taka skal stærðir í hlutdeildarfélögum með í útreikningi í hlutfalli við eignarhald samstæðunnar í félögunum. Nota skal stærðir í efnahagsreikningi samstæðuuppgjors þar sem það liggur fyrir hjá viðkomandi félögum.

10. gr.

Tilgreining fjármálasamsteypu.

Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samstæðu, tekur ákvörðun um hvort tilgreina skuli samstæðu sem fjármálasamsteypu.

Fjármálaeftirlitið skal gera móðurfélagi samstæðu viðvart um að samstæðan hafi verið tilgreind sem fjármálasamsteypa og um hlutverk þess sem eftirlitsstjórnvalds.

Fjármálaeftirlitið skal hafa samstarf við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja eftir því sem nauðsyn krefur. Ef Fjármálaeftirlitið telur að eftirlitsskyldur aðili sem það hefur veitt starfsleyfi tilheyrir fjármálasamsteypu sem ekki hefur verið tilgreind sem slík skal það koma því á framfæri við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld.

Þar sem móðurfélag fer ekki fyrir samstæðu tilkynnir Fjármálaeftirlitið þeim eftirlitsskylda aðila sem hefur stærstan efnahagsreikning á umfangsmeira sérsviði samsteypunnar um tilgreiningu á fjármálasamsteypu skv. 1. mgr.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja sem hafa veitt eftirlitsskyldum aðilum í samstæðunni starfsleyfi og þar sem blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi hefur höfuðstöðvar um tilgreiningu fjármálasamsteypu.

III. KAFLI

Umfang viðbótareftirlits.

11. gr.

Viðbótareftirlit með eftirlitsskyldum aðilum.

Auk lögbundins eftirlits samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, skal vera viðbótareftirlit með eftirlitsskyldum aðilum skv. 1. gr.

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu lúta viðbótareftirliti skv. 1. mgr.:

- a. eftirlitsskyldir aðilar sem fara fyrir fjármálasamsteypu,
- b. eftirlitsskyldir aðilar, hvers móðurfélag er blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi með höfuðstöðvar í aðildarríki,
- c. eftirlitsskyldir aðilar sem tengjast öðrum aðilum á fjármála- eða váttryggingasviði fjármálamarkaðar skv. 1. tölul. 2. mgr. 1. gr.

Sé fjármálasamsteypa hluti af annarri samstæðu sem telst fjármálasamsteypa í skilningi laga þessara er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ákveða að viðbótareftirlit taki eingöngu til síðarnefndu samstæðunnar.

12. gr.

Móðurfélag utan aðildarríkja.

Eftirlitsskyldir aðilar sem ekki eru undir viðbótareftirliti skv. 11. gr., hverra móðurfélag er eftirlitsskyldur aðili eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi með höfuðstöðvar utan aðildarríkja, skulu vera undir viðbótareftirliti skv. lögum þessum að því marki og á þann hátt sem talið er nauðsynlegt að teknu tilliti til 31. gr.

13. gr.

Tengsl einstaklinga við eftirlitsskylda aðila.

Þegar einstaklingar eiga hlutdeild í eða eru í eignatengslum við einn eða fleiri eftirlitsskylda aðila eða hafa veruleg áhrif á þá án þess að eiga hlut í þeim eða vera í eignatengslum við þá getur Fjármálaeftirlitið ákveðið með samkomulagi við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja hvort og að hvaða marki viðbótareftirliti sé beitt ef þessir aðilar væru saman í fjármálasamsteypu.

Að minnsta kosti einn aðili verður að vera eftirlitsskyldur skv. 1. mgr. 1. gr. og skilyrði 3. og 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. að vera uppfyllt við viðbótareftirlit skv. 1. mgr.

Við mat á því hvort 1. mgr. eigi við félög sem starfa saman metur Fjármálaeftirlitið fjárhagslegar skuldbindingar þessara félaga gagnvart öðrum aðilum á fjármála- og váttryggingasviði fjármálamarkaðar.

IV. KAFLI

Eftirlit með fjárhagsstöðu.

14. gr.

Almennt um eftirlit með fjárhagsstöðu.

Auk ákvæða í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og lög nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, fer viðbótareftirlit með fjárhagsstöðu eftirlitsskyldra aðila í fjármálasamsteypu eftir ákvæðum 15.-20. gr., 23. gr., 30. gr. og viðauka I við lög þessi.

15. gr.

Fjárhagsstaða.

Eftirlitsskyldum aðilum sem eru hluti af fjármálasamsteypu ber að tryggja að eiginfjárgrunnur samsteypunnar sé á hverjum tíma ekki lægri en lágmarksgjaldþol samsteypunnar.

Eftirlitsskyldir aðilar sem eru hluti af fjármálasamsteypu skulu hafa stefnu sem kveður á um hvernig kröfum um lágmarksgjaldþol fjármálasamsteypur sé fullnægt.

Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypu, hefur eftirlit með því að skilyrði 1. og 2. mgr. séu uppfyllt og að eftirlitsskyldir aðilar eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi meti a.m.k. árlega fjárhagsstöðu skv. 1. mgr.

Eftirlitsskyldur aðili sem fer fyrir fjármálasamsteypu, blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eða annar aðili sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, skal að höfðu samráði við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja senda Fjármálaeftirlitinu niðurstöður athugunar samkvæmt þessari grein ásamt viðeigandi gögnum.

16. gr.

Mat á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli.

Aðilar sem eru á fjármála- og váttryggingasviði fjármálamarkaðar skv. 5. tölul. 2. gr. skulu falla undir viðbótareftirlit og vera undir eftirliti vegna mats á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli.

17. gr.

Eiginfjárgrunnur.

Eiginfjárgrunnur fjármálasamsteypu skal miðast við samstæðuuppgjör. Við mat á hvaða liðir teljast með við mat á eiginfjárgrunni skal miða við X. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og XV. kafla laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi. Takmarkanir á að telja tiltekna liði með í eiginfjárgrunni samkvæmt þessum köflum laganna miðast við hlutfallslegt vægi fjármála- og váttryggingasviðs fjármálamarkaðar í heildareiginfjárgrunni samsteypunnar.

Við mat á því hvort eiginfjárgrunnur fjármálasamsteypu nægi til að mæta lágmarksgjaldþoli á samstæðugrundvelli, sbr. 18. gr. þessara laga, skal eingöngu tekið mið af eiginfjárliðum sem bæði teljast með eiginfjárgrunni skv. 84. gr. a – 84. gr. c laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og XV. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi.

Draga skal frá eiginfjárliði sem rekja má til dótturfélaga og teljast ekki með í samstæðuuppgjöri.

Eiginfjárliðir sem notaðir eru í fleiri en einu félagi innan samstæðu skulu eingöngu taldir einu sinni til eiginfjárgrunns.

Eiginfjárliðir sem myndast innan samstæðu á óviðeigandi hátt skulu dragast frá eiginfjárgrunni. Við mat á því hvað telst óviðeigandi skal nota viðmið laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi.

Við mat á eiginfjárgrunni fjármálasamsteypu skal Fjármálaeftirlitið jafnframt taka tillit til hvort flytja megi eiginfjárliði á milli fjármála- og váttryggingasviða fjármálamarkaðar.

18. gr.

Lágmarksgjaldþol.

Lágmarksgjaldþol fjármálasamsteypu er samanlögð lágmarks eiginfjárfrafa fjármálafyrirtækja í samsteypunni skv. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og gjaldþolskröfu allra váttryggingafélaga í samsteypunni skv. XVI. kafla laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi. Meta skal ígildi lágmarksgjaldþols fyrir aðila sem ekki eru eftirlitsskyldir. Lágmarksgjaldþol einstakra félaga skal tekið með inn í mat á lágmarksgjaldþoli samsteypu að sama marki og samstæðureikningur nær til viðkomandi félags. Fullnægi eitt eða fleiri dótturfélög innan samstæðu ekki kröfum um lágmarksgjaldþol á fjármála- og váttryggingasviði fjármálamarkaðar, eða ígildi lágmarksgjaldþols, skal draga samtölu þess sem upp á vantar frá lágmarksgjaldþoli fjármálasamsteypu.

Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samstæðu, getur veitt undanþágu frá kröfu 4. málsl. 1. mgr. ef það telur að ábyrgð móðurfélags sé skýr og ótvírætt takmörkuð við hlutafjäreignina.

Þegar ekki eru eignatengsl á milli aðila innan samstæðu skal Fjármálaeftirlitið að höfðu samráði við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja taka ákvörðun um hlutdeild einstakra aðila í lágmarksgjaldþoli samstæðunnar með hliðsjón af skuldbindingum sem tengslin fela í sér.

Eiginfjárgrunn og lágmarksgjaldþol blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi skal meta á samstæðugrundvelli í samræmi við lagaákvæði umfangsmeira sérsviðs fjármálasamsteypu. Sá hluti samstæðu sem telst ekki til fjármála- og váttryggingasviðs fjármálamarkaðar er undanskilinn.

19. gr.

Heimild til að nota aðrar aðferðir við mat á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli.

Starfi fjármálasamsteypa í öðrum aðildarríkjum getur Fjármálaeftirlitið í samráði við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld heimilað að 17. og 18. gr. um mat á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli eigi ekki við um samsteypuna.

Samhliða skal ákvarða að við mat á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli séu notaðar aðferðir 2 eða 3 í II. kafla viðauka I við lög þessi.

20. gr.

Aðilar sem eru undanskildir frá mati á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli.

Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samstæðu, getur ákveðið að undanskilja aðila frá mati á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli skv. 17.-19. gr., ef:

- a. aðilinn er staðsettur í ríki utan aðildarríkis þar sem ætla má að löggjöf hindri aðgang að nauðsynlegum upplýsingum,
- b. aðilinn hefur óverulega þýðingu fyrir það markmið sem að er stefnt með lögum þessum,
- c. talning aðilans í mati á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli gefur villandi eða óviðeigandi yfirsýn miðað við markmið laga þessara um viðbótareftirlit.

Ef fleiri en einn aðili er undanskilinn skv. b-lið 1. mgr. skal engu að síður telja þá með ef þeir samanlagt teljast ekki hafa óverulega þýðingu.

Áður en Fjármálaeftirlitið tekur ákvörðun skv. c-lið 1. mgr. skal það hafa samráð við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja, nema brýn nauðsyn standi til annars.

Þegar eftirlitsskyldur aðili fellur undir b- eða c-lið 1. mgr. samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal móðurfélag fjármálasamsteypu, sem hefur höfuðstöðvar hér á landi, veita lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja sem hafa eftirlit með aðilanum umbeðnar upplýsingar vegna eftirlits þeirra.

21. gr.

Samþjöppun áhættu.

Auk þessara laga gilda um samþjöppun áhættu eftirlitsskyldra aðila innan fjármálasamsteypu, ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi. Ef blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi er móðurfélag samsteypu skulu ákvæði þess fjármála- eða váttryggingasviðs fjármálamarkaðar sem telst vera umfangsmeira gilda fyrir samsteypuna í heild sinni og fyrir móðurfélagið.

Við eftirlit með samþjöppunaráhættu skal Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypu, fylgjast sérstaklega með áhættu vegna smitáhrifa innan samsteypunnar, hættu á hagsmunaárekstrum, hættu á sniðgöngu á ákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, auk stigs og umfangs áhættu.

Eftirlitsskyldir aðilar eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi innan fjármálasamsteypu skulu reglulega, og minnst árlega, veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um alla verulega samþjöppun áhættu samsteypu. Upplýsingar skulu veittar á þann hátt og á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður. Fjármálaeftirlitið skal, í samráði við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja, tilgreina þær tegundir áhættu sem einkum skal veita upplýsingar um að teknu tilliti til uppbyggingar og áhættustýringar samstæðunnar.

22. gr.

Viðskipti innan samsteypu.

Auk laga þessara gilda ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, um viðskipti innan samsteypu. Ef blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi er móðurfélag samsteypu, skulu lagaákvæði þess sérsviðs fjármálamarkaðar sem telst umfangsmeira gilda fyrir sviðið í heild sinni og fyrir móðurfélagið.

Við eftirlit með viðskiptum innan samsteypu skal Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypunnar, sérstaklega fylgjast með áhættu vegna smitáhrifa innan samsteypunnar, hættu á hagsmunaárekstrum, hættu á sniðgöngu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, auk stigs og umfangs áhættu.

Eftirlitsskyldir aðilar eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi innan fjármálasamsteypu skulu reglulega, og minnst árlega, veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um öll umtalsverð viðskipti innan fjármálasamsteypunnar. Upplýsingar skulu veittar á þann hátt og á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður. Fjármálaeftirlitið skal, í samráði við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja, tilgreina þær tegundir viðskipta sem einkum skal veita upplýsingar um að teknu tilliti til uppbyggingar og áhættustýringar samsteypunnar. Með umtalsverðum viðskiptum skv.1. másl. er a.m.k. átt við öll viðskipti þar sem fjárhæð fer yfir 5% af lágmarksgjaldþoli fjármálasamsteypunnar.

23. gr.

Áhættustýring og innra eftirlit.

Eftirlitsskyldir aðilar innan fjármálasamsteypu skulu sjá til þess að innra eftirlit og áhættustýring sé fyrir hendi á samsteypugrundvelli, auk traustrar stjórnunar og endurskoðunarferla.

Áhættustýring skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

- a. trausta stjórnun sem felur í sér samþykki og reglulega endurskoðun viðeigandi stjórneininga á áhættustefnu innan fjármálasamsteypunnar,
- b. fullnægjandi gjaldþolsstefnu sem tekur tillit til áhrifa viðskiptastefnu á áhættusamsetningu og fjárhagsstöðu, sbr. 14.-20. gr., og

- c. fullnægjandi ferla sem tryggja að eftirlit með áhættu sé hluti af skipulagi aðila og að gripið sé til ráðstafana til að tryggja að samræmi þeirra kerfa sem notuð eru hjá öllum aðilum innan samsteypu sem falla undir viðbótareftirlit svo unnt sé að mæla, fylgjast með og stýra áhættu samsteypunnar.

Innra eftirlit skal a.m.k. fela í sér:

- a. Að fullnægjandi aðferðir séu notaðar til þess að afmarka og mæla alla verulega áhættu tengda fjárhagsstöðu og að sjá til þess að eiginfjárgrunnur sé í samræmi við áhættu,
- b. að fullnægjandi skýrslugjöf og bókhaldsaðferðir séu fyrir hendi til þess að afmarka, mæla, stýra og hafa eftirlit með viðskiptum innan samstæðu og samþjöppun áhættu á samsteypugrundvelli.

Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypu, skal fylgjast með að allir aðilar sem falla undir viðbótareftirlit hafi fullnægjandi innra eftirlit sem veitt geti hvers kyns upplýsingar sem nauðsynlegar eru við eftirlit með samsteypunni.

24. gr.
Álagspróf.

Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypu, skal sjá til þess að reglulega séu framkvæmd álagspróf á stöðu samsteypunnar.

V. KAFLI

Sérstök ákvæði um viðbótareftirlit.

25. gr.

Samstarf milli eftirlitsstjórnvalda í aðildarríkjum.

Fjármálaeftirlitið skal hafa samstarf við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja um eftirlit með félögum innan fjármálasamsteypu.

Í þeim tilvikum sem fjármálasamsteypa starfar í fleiri en einu aðildarríki tilnefnir Fjármálaeftirlitið ásamt eftirlitsstjórnnum annarra aðildarríkja eitt eftirlitsstjórnvald sem ber ábyrgð á samræmingu og framkvæmd viðbótareftirlits. Tilnefning eftirlitsstjórnvaldsins skal byggjast á viðmiðum skv. 3. og 4. mgr.

Ef eftirlitsskyldur aðili fer fyrir fjármálasamsteypu skal það eftirlitsstjórnvald sem veitti honum starfsleyfi vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar.

Ef eftirlitsskyldur aðili fer ekki fyrir fjármálasamsteypu skal ákvarða eftirlitsstjórnvald samkvæmt eftirfarandi viðmiðum:

- a. þegar móðurfélag eftirlitsskylds aðila er blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi skal eftirlitsstjórnvaldið sem veitti þeim eftirlitsskylda aðila starfsleyfi vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar,
- b. ef tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar hafa höfuðstöðvar í aðildarríki og sameiginlegt móðurfélag sem er blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, og einn þessara aðila er með starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem höfuðstöðvar blandaða eignarhaldsfélagsins eru, skal eftirlitsstjórnvald þess ríkis vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar.

Ef tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar sem starfa á ólíkum sviðum fjármála hafa starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi hefur höfuðstöðvar skal eftirlitsstjórnvald þess aðila sem starfar á því sérsviði samstæðunnar sem er umfangsmeira vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar. Ef tvö eða fleiri blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, sem hafa höfuðstöðvar í mismunandi aðildarríkjum, fara fyrir fjármálasamsteypu og eftirlitsskyldur aðili er til staðar í hverju þessara aðildarríkja skal eftirlitsstjórnvald þess félags sem er

með hæstu fjárhæð heildareigna samkvæmt efnahagsreikningi vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar ef félögin starfa á sama fjármálasviði en að öðrum kosti skal eftirlitsstjórnvald eftirlitsskylda aðilans sem starfar á því sérsviði samsteypunnar sem er umfangsmeira vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar.

- c. ef tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar hafa höfuðstöðvar í aðildarríki og eitt sameiginlegt móðurfélag, sem er blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, og enginn þessara aðila hefur starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem blandaða eignarhaldsfélagið hefur höfuðstöðvar, skal það eftirlitsstjórnvald sem veitti þeim aðila starfsleyfi sem er með hæstu fjárhæð heildareigna samkvæmt efnahagsreikningi á því sérsviði samsteypunnar sem er umfangsmeira vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar,
- d. ef fjármálasamsteypa er samstæða sem hefur ekki móðurfélag, eða í öðrum tilvikum, skal eftirlitsstjórnvaldið, sem veitti þeim eftirlitsskylda aðila starfsleyfi, sem er með hæstu fjárhæð heildareigna samkvæmt efnahagsreikningi á því sérsviði samsteypunnar sem er umfangsmeira vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar.

Fjármálaeftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert samkomulag við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja um að tilnefning eftirlitsstjórnvalds samsteypu þurfi ekki að byggjast á viðmiðum 2.-4. mgr. þar sem þau ættu ekki við vegna uppbyggingar samsteypunnar og hlutfallslegs mikilvægis starfsemi hennar í einstökum ríkjum. Fjármálaeftirlitið skal gefa samsteypunni kost á að tjá sig um fyrirætlan eftirlitsstjórnvaldanna áður en ákvörðun er tekin.

26. gr.

Verkefni eftirlitsstjórnvalds.

Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypu, skal hafa eftirtalinn verkefni:

1. Samræma söfnun og miðlun hlutaðeigandi og mikilvægra upplýsinga, í áframhaldandi rekstri eða neyðartilvikum, þ.m.t. miðlun upplýsinga sem eru mikilvægar fyrir eftirlitshlutverk eftirlitsstjórnvalds.
2. Hafa sérstakt eftirlit með og meta fjárhagsstöðu samsteypunnar.
3. Meta hvort farið sé að reglum um eiginfjárkröfur, samþjöppun áhættu og viðskipti innan samstæðu skv. 16.-20. gr.
4. Meta uppbyggingu, skipulag og innra eftirlitskerfi samsteypunnar sbr. 23. gr.
5. Áætlunargerð og samræming eftirlitsstarfs, hvort heldur í áframhaldandi rekstri eða í neyðartilvikum, í samvinnu við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld.
6. Önnur verkefni sem eftirlitsstjórnvöld gera með sér samkomulag um að Fjármálaeftirlitið taki að sér vegna samræmingar.

Fjármálaeftirlitið skal koma á samræmingarfyrirkomulagi með eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja sem m.a. skal ná til gagnaskila og upplýsingaskipta. Samræmingarfyrirkomulagið skal kveða á um málsmeðferð vegna ákvarðanatöku eftirlitsstjórnvalda í öðrum aðildarríkjum skv. 3. og 4. gr., 4. mgr. 5. gr., 6. gr., 2. mgr. 11. gr., 14. gr. og 16. gr.

27. gr.

Samvinna og upplýsingaskipti.

Fjármálaeftirlitið skal starfa náið með eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja sem bera ábyrgð á eftirliti með eftirlitsskyldum aðilum í fjármálasamsteypu. Fjármálaeftirlitið skal

veita allar nauðsynlegar upplýsingar sem skipta máli fyrir eftirlitsstarf annarra eftirlitsstjórnvalda, sbr. 14. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Fjármálaeftirlitið skal að eigin frumkvæði senda allar mikilvægar upplýsingar til viðeigandi eftirlitsstjórnvalda. Til mikilvægra upplýsinga teljast eftirtaldar upplýsingar:

- a. Greining á stjórnarháttum og uppbyggingu samsteypu þar með talin sundurliðun á öllum eftirlitsskyldum aðilum, öðrum aðilum sem eru ekki eftirlitsskyldir og mikilvægum útibúum sem tilheyra samsteypunni; upptalning á þeim sem fara með virkan eignarhlut og eftirlitsstjórnvöldum eftirlitsskyldra aðila innan samsteypunnar,
- b. stefna samsteypu,
- c. fjárhagsstaða samsteypu, einkum varðandi kröfur um lágmarksgjaldþol, viðskipti innan samsteypunnar, samþjöppunaráhættu og arðsemi,
- d. stórir hluthafar og stjórn samsteypu,
- e. skipulag, áhættustýring og innra eftirlitskerfi samsteypu,
- f. aðferðir við öflun upplýsinga frá aðilum innan samsteypu og sannprófun á þeim upplýsingum,
- g. neikvæð þróun hjá eftirlitsskyldum aðilum eða öðrum aðilum innan samsteypu sem gæti haft alvarleg áhrif á þá,
- h. þyngri viðurlög og óvenjulegar ráðstafanir eftirlitsstjórnvalda í samræmi við ákvæði í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, eða lög þessi.

Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld áður en stofnunin tekur ákvörðun um eftirfarandi atriði, ef ákvörðunin er mikilvæg fyrir eftirlitshlutverk eftirlitsstjórnvaldanna:

- a. Breytingar á hlutafjareign, skipulagi eða stjórnkerfi eftirlitsskyldra aðila í fjármálasamsteypu sem þarfnast samþykkis eða leyfis frá Fjármálaeftirlitinu,
- b. þyngri viðurlög eða óvenjulegar ráðstafanir Fjármálaeftirlitsins.

28. gr.

Hæfi stjórnenda.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi skulu uppfylla hæfisskilyrði 52. og 52. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 40. og 41. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi.

29. gr.

Sannprófun upplýsinga.

Fjármálaeftirlitið getur í sérstökum tilvikum ákveðið að sannprófa upplýsingar um aðila sem er hluti af fjármálasamsteypu og staðsettur í öðru aðildarríki hvort sem aðilinn er eftirlitsskyldur eða ekki. Í þeim tilvikum skal Fjármálaeftirlitið fara þess á leit við eftirlitsstjórnvöld í viðkomandi aðildarríki að þau annist sannprófunina. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í sannprófun upplýsinga með lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki.

Berist Fjármálaeftirlitinu beiðni um sannprófun upplýsinga frá öðru eftirlitsstjórnvaldi skal það bregðast við þeirri beiðni, annaðhvort með því að framkvæma sannprófunina sjálf, með því að heimila endurskoðanda eða sérfræðingi að framkvæma sannprófunina eða með því að heimila eftirlitsstjórnvaldinu, sem lagði fram beiðnina, að annast sannprófunina.

30. gr.

Endurskipulagning fjárhags.

Brjótí eftirlitsskyldir aðilar innan fjármálasamsteypu gegn ákvæðum 14.-23. gr., kröfu um lágmarksgjaldþol er stefnt í hættu, eiginfjárgrunni samsteypu er ógnað vegna viðskipta innan hennar eða samþjöppun áhættu er fyrir hendi getur Fjármálaeftirlitið farið fram á að gripið verði til úrbóta.

Fjármálaeftirlitið getur, eftir því sem við á, krafist móðurfélag fjármálasamsteypu um áætlun um úrbætur á fjárhag samsteypu.

Áætlunin skal innihalda m.a.:

- a. tillögur að nauðsynlegum aðgerðum,
- b. greiningu á hvernig fyrirhugaðar aðgerðir verndi fjárhagslega hagsmuni innláns- og kröfuhafa og fjárfesta sem og váttryggingavernd váttryggingataka, og
- c. tímamörk áætlunarinnar.

Sé endurskipulagning fjárhags ekki möguleg innan tímamarka áætlunarinnar eða fyrirhugaðar aðgerðir eru ekki líklegar til að vernda fjárhagslega hagsmuni innlánseigenda, lánadrottna og fjárfesta sem og váttryggingavernd váttryggingataka, skal Fjármálaeftirlitið eftir því sem við á, ákveða til hvaða úrræða skuli gripið.

Fjármálaeftirlitið skal samræma eftirlitsaðgerðir með eftirlitsstjórvöldum annarra aðildarríkja samkvæmt þessari grein, eftir því sem við á.

VI. KAFLI

Samskipti við eftirlitsstjórnvöld utan aðildarríkja.

31. gr.

Móðurfélag er staðsett utan aðildarríkja.

Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypu, skal, eftir því sem við á, skera úr um hvort móðurfélag samsteypunnar sem hefur höfuðstöðvar utan aðildarríkja lúti eftirliti sem er sambærilegt eftirliti sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu. Við ákvörðun sína skal Fjármálaeftirlitið hafa til hliðsjónar 25. gr.

Teljast eftirlit með móðurfélaginu ekki fullnægja kröfum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu skal eftirlit með öðrum félögum vera í samræmi við 12. gr. Fjármálaeftirlitið getur í samráði við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja krafist þess að stofnað verði blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi með höfuðstöðvar í aðildarríki og beitt ákvæðum laga þessara um dótturfélög þess.

Um samstarf við eftirlitsstjórnvöld utan aðildarríkja fer eftir ákvæðum laga þessara og alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að.

VII. KAFLI

Innleiðing, reglugerð og reglur.

32. gr.

Með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2004 frá 9. júlí sem birt var 23. desember 2004 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 65 eru með lögum þessum tekin upp ákvæði tilskipunar 2002/87/EB um viðbótareftirlit með fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum í fjármálasamsteypu, með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 2011/89/ESB sem ekki hafa verið teknar í EES-samninginn.

Ráðherra getur sett reglugerð sem útfæra nánar ákvæði laga þessara.

Fjármálaeftirlitið setur reglur sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum og eftirlitsstöðlum sameiginlegu nefndar evrópsku eftirlitsstofnananna (e. Joint Committee) og útfæra nánar ákvæði laga þessara.

33. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði lög um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Frumvarpið byggist á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.¹ Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2004, frá 9. júlí 2004 og birt 23. desember 2004 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 65. Ákvæði tilskipunarinnar voru tekin upp að hluta með reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 920/2008, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) taldi reglunum ábótavant og í kjölfar þess setti Fjármálaeftirlitið nýjar reglur, nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Reglurnar byggðu á reglum tilskipunar 2002/87/EB ásamt því að taka að hluta upp ákvæði tilskipunar 2011/89/ESB sem breytti tilskipun 2002/87/EB.² Tilskipun 2011/89/ESB hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn en gert er ráð fyrir að hún muni verða tekin þar inn á næstu misserum.

Tilskipun 2002/87/EB tengist öðrum tilskipunum á fjármálamarkaði hvers efni hefur verið leitt í lög hér á landi eða verður gert á næstu misserum, meðal annars tilskipun 2013/36/ESB, um stofnun og starfsemi lánastofnana og varfærnisefntirlits með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, sem almennt er kölluð CRD IV tilskipunin³ og tilskipun 2009/138/EB, um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga, sem almennt er kölluð Solvency II tilskipunin.⁴

Fjármála- og efnahagsráðherra skipaði starfshóp til að semja frumvarp þetta sem hóf störf í júní 2015. Í hópnum voru Sóley Ragnarsdóttir, tilnefnd af ráðherra, Sigurður Freyr Jónatansson og Hjálmar Stefán Brynjólfsson, tilnefndir af Fjármálaeftirlitinu og Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, tilnefnd af Samtökum fjármálafyrirtækja.

II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Fjármálaeftirlitið þarf að geta metið á samstæðugrundvelli fjárhagsstöðu fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga sem eru hluti af fjármálasamsteypu og því er mikilvægt að hafa sérstakar reglur um viðbótareftirlit með gjaldþoli, samþjöppun áhættu og viðskipti innan samstæðu.

Reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 165/2014 fela í sér kröfur og skyldur sem lagðar eru á eftirlitsskylda aðila vegna viðbótareftirlits með starfsemi fjármálasamsteypa. Reglurnar eru ekki alveg nógu ítarlegar um samskipti Fjármálaeftirlitsins við önnur eftirlitsstjórnvöld þar sem ekki er unnt að leggja skyldur á Fjármálaeftirlitið í reglum sem stofnunin setur sjálf. Í reglunum eru einnig íþyngjandi kröfur sem eðlilegra er að hafi lagastoð. Í frumvarpinu eru tilgreindar helstu skyldur og kröfur sem fjármálasamsteypur þurfa að uppfylla og verði

¹ Directive 2002/87/EC of the European Parliament and of the Council of 16 December 2002 on the supplementary supervision of credit institutions, insurance undertakings and investment firms in a financial conglomerate and amending Council Directives 73/239/EEC, 79/267/EEC, 92/49/EEC, 92/96/EEC, 93/6/EEC and 93/22/EEC, and Directives 98/78/EC and 2000/12/EC of the European Parliament and of the Council.

² Directive 2011/89/EU of the European Parliament and of the Council of 16 November 2011 amending Directives 98/78/EC, 2002/87/EC, 2006/48/EC and 2009/138/EC as regards the supplementary supervision of financial entities in a financial conglomerate.

³ Directive 2013/36/EU of the European Parliament and of the Council of 26 June 2013 on access to the activity of credit institutions and the prudential supervision of credit institutions and investment firms, amending Directive 2002/87/EC and repealing Directives 2006/48/EC.

⁴ Directive 2009/138/EC of the European Parliament and of the Council of 25 November 2009 on the taking-up and pursuit of the business of Insurance and Reinsurance.

frumvarpið að lögum verður lagastoð þeirra óyggjandi. Með frumvarpinu er því lagt til að sérstök lög verði um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum til að fullnægja öllum kröfum sem settar eru fram í tilskipun 2002/87/EB. Gert er ráð fyrir að unnt sé að undanskilja tiltekna aðila frá viðbótareftirliti og skulu slíkar ákvarðanir teknar með tilliti til þess hvort aðilinn falli undir eftirlit á samstæðugrundvelli samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi.

Til að stuðla að skilvirkni í viðbótareftirliti með fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum sem eru hluti af fjármálasamsteypu þarf að tryggja eftirlitið nái til allra slíkra samsteypa sem stunda fjármálastarfsemi, sérstaklega þeim sem stunda starfsemi yfir landamæri. Það þarf því að samræma eftirlit þegar fjármálasamsteypur starfa í fleiri en einu aðildarríki og er lagt til að slíkar samsteypur lúti eftirliti sérstaklega tilnefnds eftirlitsstjórnvalds. Starfsemi þess eftirlitsstjórnvalds á þó ekki að hafa áhrif á eftirlit annarra eftirlitsstjórnvalda gagnvart einstökum aðilum í samsteypunni. Til að slíkt eftirlit virki þurfa að vera sérstakar reglur um skyldu fjármálasamsteypa til að veita eftirlitsstjórnvöldum upplýsingar og upplýsingaskyldu á milli eftirlitsstjórnvalda ásamt úrræðum til að afla upplýsinganna. Aukið samstarf á milli eftirlitsstjórnvalda er mikilvægt og því þarf að liggja ljóst fyrir hver ábyrgð Fjármálaeftirlitsins er gagnvart öðrum eftirlitsstjórnvöldum sem koma að eftirliti með aðilum sem tilheyra sömu fjármálasamsteypu.

Fjármálasamsteypur sem hafa höfuðstöðvar í aðildarríkjum EES-samningsins geta verið hluti af fjármálasamsteypu þar sem móðurfélagið er utan aðildarríkja. Í slíkum tilvikum er lagt til í frumvarpinu að Fjármálaeftirlitið geti skorið úr um hvort það lúti viðbótareftirliti sem er sambærilegt ákvæðum samkvæmt frumvarpi þessu. Til að meta slíkt er afar mikilvægt að reglur og upplýsingaskipti við eftirlitsstjórnvöld utan aðildarríkja séu gagnsæ. Það er þó einungis gert ráð fyrir því að viðbótareftirlit sé jafngilt hjá eftirlitsstofnun sem staðsett er utan aðildarríkja ef sú stofnun hefur samþykkt að vinna með Fjármálaeftirlitinu að framkvæmd viðbótareftirlitsins.

Tilskipun 2011/89/ESB breytti tilskipun 2002/87/EB meðal annars á þann hátt að rekstrarfélögum verðbréfasjóða og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða (e. Alternative Investment Fund Managers) er bætt við viðmið um hvað telst fjármálasamsteypa. Þá gerir tilskipunin ráð fyrir að unnt sé að heimila undanþágu fyrir smærri samstæður að teljast fjármálasamsteypa ef eftirlitsstjórnvaldið telur áhættu innan samstæðunnar óverulega og veitir heimild til að beita áhættumiðuðu mati við tilgreiningu á fjármálasamsteypu. Einnig er heimild fyrir lögbundið eftirlit með fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum með viðbótareftirliti gagnvart móðurfélagi samsteypunnar þótt slíkt móðurfélag sé eignarhaldsfélag. Loks er í tilskipuninni gefin heimild fyrir evrópsku eftirlitsstofnanirnar til að gefa út viðmiðunarreglur (e. guidelines) og tæknilega eftirlitsstaðla (e. regulatory technical standards) eða tæknilega framkvæmdastaðal (e. implementing technical standards) um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Viðbótareftirlit með fjármálasamsteypu og samvinna eftirlitsstjórnvalda er ætlað að stuðla að stöðugleika fjármálamarkaðar. Eftirlitsstjórnvöld þurfa að hafa sameiginlega nálgun í eftirliti í slíkri samvinnu og slík sameiginleg nálgun verður meðal annars mótuð í viðmiðunarreglum (e. guidelines) sem koma frá evrópsku eftirlitsstofnununum. Viðmiðunarreglurnar eru almenns eðlis og segja til um hvernig almennu eftirliti á að vera háttað til að tryggja heildarsýn og gefa ramma fyrir tól og tæki til eftirlits.

Fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög eru reglulega álagsprófuð og það verður því að vera hlutverk eftirlitsstjórnvalds fjármálasamsteypunnar að ákveða hvort og hvenær fjármálasamsteypa er álagsprófuð sem heild. Til að meta slíkt verða sett viðmið um álagspróf vegna viðbótareftirlits.

III. Meginefni frumvarpsins.

Í fyrsta lagi er fjallað almennt um hugtakið fjármálasamsteypu og hvernig fjármálasamsteypa er tilgreind. Meginviðmið um það hvenær um fjármálasamsteypu er að ræða fer eftir því hvort starfsemi á fjármála- eða váttryggingasviðistarfsemi sé mikilvæg. Slíkt mat byggist á hlutfalli á stærð efnahagsreiknings félaga sem tilheyrir viðkomandi sviði miðað við efnahagsreikning félaga innan samstæðunnar og hlutfalli eiginfjárfkrafa eða gjaldþolskrafa þess.

Í öðru lagi eru almenn ákvæði um eftirlit með fjármálasamsteypum og tilgreint er hvaða eftirlitsskyldir aðilar falla undir eftirlitið. Almenn eftirlit er að meginstefnu eftirlit með fjárhagsstöðu fjármálasamsteypa. Í frumvarpinu eru skyldur Fjármálaeftirlitsins í því sambandi tilgreindar sem eru m.a. eftirlit með mati á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli fjármálasamsteypa. Fjármálaeftirlitið þarf fylgjast sérstaklega með áhættu vegna smitáhrifa innan samsteypunnar vegna eftirlits með samþjöppunar áhættu og viðskipta innan samsteypu.

Í þriðja lagi eru sérstök ákvæði um viðbótareftirlit. Í viðbótareftirliti með fjármálasamsteypum felst samstarf á milli eftirlitsstjórnvalda í aðildarríkjum EES-samningsins. Eftirlit með fjármálasamsteypu sem starfar í fleiri ríkjum og er undir eftirliti fleiri en eins eftirlitsstjórnvald krefst samstarfs eftirlitsstjórnvaldanna. Í þessum tilvikum verður eitt eftirlitsstjórnvaldanna eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypunnar og í frumvarpinu er tiltekið hvernig eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypunnar er ákveðið. Þá eru ákvæði um samvinnu eftirlitsstjórnvaldanna og upplýsingaskipti milli þeirra. Hlutverk eftirlitsstjórnvalds fjármálasteypu eru skilgreint og liggur því ljóst fyrir hver verkefni Fjármálaeftirlitsins verða ef það er eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypu. Einnig eru ákvæði um endurskipulagningu á fjárhag fjármálasamsteypu ef fjármálasamsteypan fullnægir ekki kröfum um fjárhagsstöðu.

Í fjórða lagi eru ákvæði um samskipti við eftirlitsstjórnvöld utan aðildarríkja EES-samningsins. Ef Fjármálaeftirlitið er eftirlitsstjórnvald samsteypu ákveður það hvort móðurfélag samsteypu sem er með höfuðstöðvar utan aðildarríkja lúti eftirliti sem er sambærilegt eftirliti í aðildarríkjum. Ef svo er ekki skal eftirlit með öðrum félögum vera í samræmi við reglur frumvarpsins en einnig er hægt að krefjast þess að stofnað verði blandað eignarhaldsfélag með höfuðstöðvar í aðildarríki og beita ákvæðum frumvarpsins um dótturfélög þess.

IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins gefur ekki tilefni til að ætla að það stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.

Með frumvarpinu eru tekin upp í lög hér á landi ákvæði tilskipunar 2002/87/EB, um viðbótareftirlit með fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum í fjármálasamsteypu, með þeim breytingum urðu á tilskipuninni með tilskipun 2011/89/ESB.

V. Samráð.

Frumvarpið er samið af starfshópi með fulltrúum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Fjármálaeftirlitinu og Samtökum fjármálafyrirtækja. Fulltrúar helstu hagsmunaaðila komu því að samningu frumvarpsins.

VI. Mat á áhrifum.

Hér á landi starfa engar fjármálasamsteypur þegar frumvarp þetta er skrifað en gera þarf ráð fyrir að það geti breyst. Það er því mikilvægt að lögfasta reglur um fjármálasamsteypur sem fyrst svo til staðar séu reglur ef slíkar samsteypur verða til og myndu lenda í

fjárhagserfiðleikum sem veikt gæti stöðu fjármálakerfisins og haft áhrif á einstaka sparifjáreigendur, váttryggingataka og fjárfesta. Ákvæði frumvarpsins eru viðbót við lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lög nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, og ná yfir viðbótaráættu sem hlýst af viðamiklum og flóknum samstæðum og stuðla þannig að skilvirku eftirliti með þeim.

Verði frumvarp þetta að lögum munu verða í íslenskri löggjöf ákvæði um framkvæmd viðbótareftirlits með fjármálasamsteypum. Þá munu skyldur sem lagðar eru á eftirlitsskylda aðila og Fjármálaeftirlitið hafa stoð í lögum. Með frumvarpinu er því lagt til að lagaumgjörð sé fyrir hendi ef reynir á viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum hér á landi sem er mikilvægt fyrir íslenskan fjármálamarkað. Þá mun frumvarpið skapa traustari umgjörð um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum og getur dregið úr kerfisáhættu og stuðlað að fjármálastöðugleika. Hertu regluverki er bæði ætlað að draga úr tíðni fjármálaáfalla og stuðla að því að dregið verði úr neikvæðum áhrifum þeirra á efnahagslífið ef þau skella á.

Áhrif frumvarpsins verði það að lögum á Fjármálaeftirlitið og einstök fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög verða óveruleg þar sem þau starfa nú þegar samkvæmt reglum nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Helstu áhrif frumvarpsins á Fjármálaeftirlitið eru krafa um aukið samráð við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja. Frumvarpið getur haft áhrif til sveiflujöfnunar fyrir hagkerfið þar sem heimildir Fjármálaeftirlitsins eru auknar til eftirlits með fjármálasamsteypum og er þannig hægt að bregðast við þenslu eða samdráttarmerkjum í hagkerfinu í gegnum fjármálamarkaðinn.

Samvinna eftirlitsstjórnvalda á milli ríkja er nauðsynleg til að unnt sé að framkvæma yfirgripsmikið og nákvæmt eftirlit með áhættu hjá stórum, flóknum og alþjóðlegum fjármálasamsteypum. Slík samvinna felst í því að eftirlitsstjórnvöld ríkja vinna saman að því að safna upplýsingum og gera áætlun um eftirlit en eftirlit samsteypu á að vera samhliða eftirliti með eftirlitsskyldum aðilum en ekki koma í stað þess.

Samvinna er einnig nauðsynleg til að tryggja árangursríkt eftirlit með fjármálasamsteypum sérstaklega þar sem samsteypur eru með höfuðstöðvar utan aðildarríkja og þarf viðbótareftirlit því að ná til allra félaganna í samsteypunni.

Varðandi mat á efnahagslegum áhrifum frumvarpsins þá er líklegt að með auknum kröfum um viðbótareftirlit verði dregið úr hættu á fjármálaáfallum fyrir raunhagkerfið og ríkissjóð. Kröfur um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum draga jafnframt úr hættu á smitáhrifum á milli fjármála- og váttryggingasviðs fjármálamarkaðar.

Ákvæði um upplýsingaskyldu auka gagnsæi og styrkja mat á umgjörð markaðarins.

Hvorki er gert ráð fyrir að þær breytingar sem í frumvarpinu felast muni hafa teljandi áhrif á skatttekjur ríkissjóðs af fjármálafyrirtækjum frá því sem nú er né á rekstrargjöld í þessum málaflokki. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 14. tölul. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB og skilgreinir hugtakið fjármálasamsteypa. Ákvæðið er samhljóða 1. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. i og ii-liðir a-liðar í 1. tölul. 2. mgr. ákvæðisins eru í samræmi við 7. mgr. 22. gr. gildandi félagaréttartilskipunar ESB nr. 2013/34.

Um 2. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB og skilgreinir hugtök sem þar koma fram auk fleiri hugtaka sem koma fram annars staðar í tilskipuninni. Allar

skilgreiningar fyrir utan nr. 12 eru í 2. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 3. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um að við ákvörðun á því hvort starfsemi samstæðu fari aðallega fram á fjármála- eða váttryggingasviði fjármálamarkaðar eigi að miða við hlutfall samanlagðrar stærðar efnahagsreiknings fyrirtækjanna í samstæðunni. Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Ákvæðið á fyrst og fremst við þegar móðurfélagið er blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi.

Um 4. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/87/EB sem kveður á um viðmið við ákvörðun um hvort starfsemi á fjármála- og váttryggingasviði teljist mikilvæg. Ákvæðið er samhljóða 4. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 5. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/87/EB sem kveður á um önnur viðmið við ákvörðun um það hvort starfsemi á fjármálasviði og váttryggingasviði teljist mikilvæg. Ákvæðið er efnislega samhljóða 5. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 6. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 4. og 9. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um undantekningartilvik við ákvörðun um það hvort samstæða teljist fjármálasamsteypa. Lagt er til að slíkar undanþágur skuli meta árlega. Ákvæði 1. og 2. mgr. eru efnislega samhljóða 6. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 7. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um aðrar aðferðir sem Fjármálaeftirlitið getur beitt við að tilgreina fjármálasamsteypu. Ákvæðið er efnislega samhljóða 7. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 8. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 6. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um viðmið þess að samstæða uppfylli ekki lengur skilyrði þess að teljast fjármálasamsteypa. Ákvæðið er efnislega samhljóða 8. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 9. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 7. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um hvernig stærð efnahagsreiknings er skilgreind. Ákvæðið er samhljóða 9. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 10. gr.

1. mgr. greinarinnar er í samræmi við 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um samvinnu eftirlitsstjórnvalda aðildarríkja við að tilgreina fjármálasamsteypu.

Málsgreinin er efnislega samhljóða 10. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

2.-4. mgr. greinarinnar er í samræmi við 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2002/87/EB og þar kemur fram hvenær Fjármálaeftirlitinu er skylt að tilkynna um fjármálasamsteypur. Málsgreinarnar eru efnislega samhljóða 11. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 11. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 1. og 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um hvenær eftirlitsskyldir aðilar skulu vera undir viðbótareftirliti. Ákvæðið er samhljóða 12. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 12. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um viðbótareftirlit með samstæðum þar sem móðurfélag er utan aðildarríkja. Ákvæðið er samhljóða 13. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 13. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um að Fjármálaeftirlitið geti haft viðbótareftirlit með aðilum sem tengjast einstaklingum. Ákvæðið er samhljóða 14. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 14. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/87/EB og er samhljóða 16. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 15. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður m.a. á um að eftirlitsskyldir aðilar skuli tryggja að eiginfjárgrunnur samsteypu sé aldrei lægri en lágmarksgjaldþol samsteypunnar. Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með því að þetta skilyrði sé uppfyllt sé það eftirlitsstjórnvald samstæðunnar og það skal hafa eftirlit með því að það sé metið a.m.k. árlega. Ákvæðið er efnislega samhljóða 17. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 16. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um hvaða aðila eigi að telja með í mati á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli. Ákvæðið er samhljóða 18. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 17. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 4. mgr. 6. gr. og viðauka I tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um fjárhagslegar kröfur fyrirfjármálasamsteypu. Ákvæði þessarar greinar fjalla um mat á eiginfjárgrunni en hann skal vera umfram lágmarksgjaldþol skv. 18. gr. Ákvæðið er samhljóða 19. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Aðferð sú sem lýst er í þessari grein er í samræmi við aðferð 1 í II. kafla viðauka I við lög þessi.

Um 18. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 4. mgr. 6. gr. og viðauka I tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um fjárhagslegar kröfur á fjármálasamsteypur. Ákvæði þessarar greinar fjalla um mat á

lágmarksgjaldþoli en það er sú stærð sem eiginfjárgrunnur skv. 17. gr. má ekki fara undir. Ákvæðið er samhljóða 20. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Aðferð sú sem lýst er í þessari grein er í samræmi við aðferð 1 í II. kafla viðauka I við lög þessi.

Um 19. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 4. mgr. 6. gr. og viðauka I tilskipunar 2002/87/EB sem kveður á um fjárhagslegar kröfur á fjármálasamsteypur. Ákvæði þessarar greinar fjalla um heimild til að nota aðrar aðferðir en kveðið er á um í 17. og 18. gr. við mat á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli. Ákvæðið er samhljóða 21. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 20. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 5. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um hvenær eftirlitsstjórnvaldi er heimilt að undanskilja aðila frá mati á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli. Einnig er kveðið á um samráð Fjármálaeftirlitsins við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja vegna ákvörðunar sem tekin er skv. c-lið 1. mgr. Í 4. mgr. er kveðið á um upplýsingaskyldu móðurfélags fjármálasamsteypu til eftirlitsstjórnvalda annarra aðildarríkja ef samsteypan fellur undir b- eða c-lið 1. mgr. Ákvæðið er efnislega samhljóða 22. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 21. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 1., 2., 4. og 5. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um eftirlit með samþjöppun áhættu. Auk þess er byggt á viðauka II við tilskipunina sem útfærir nánar kröfur greinarinnar. Ákvæðið er efnislega samhljóða 23. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Smitáhrif í 2. mgr. er þýðing á enska orðinu contagion.

Um 22. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um viðskipti innan samstæðu. Auk þess er byggt á viðauka II við tilskipunina sem útfærir nánar kröfur greinarinnar. Ákvæðið er efnislega samhljóða 24. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 23. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um hvernig áhættustýringu og innra eftirliti skuli háttað. Ákvæðið er efnislega samhljóða 25. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 24. gr.

Ákvæðið er í samræmi 1. mgr. 9. gr. b. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um að aðildarríki geti ákveðið að álagspróf séu framkvæmd reglulega. Álagsprófið skal framkvæmt í samræmi við viðurkenndar aðferðir.

Um 25. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 10. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um samstarf eftirlitsstjórnvalda í aðildarríkjum og viðmið um það hvaða eftirlitsstjórnvald skuli hafa eftirlit með fjármálasamsteypu á samstæðugrundvelli.

Að undanskilinni þessari grein felur viðbótareftirlit með fjármálasamsteypu ekki í sér að Fjármálaeftirlitinu beri skylda til þess að hafa eftirlit á einingargrunni með starfsemi þeirri sem blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, eftirlits-skyldir aðilar utan aðildarríkja eða fyrirtæki innan fjármálasamsteypu, sem ekki eru eftirlits-skyld, hafa með höndum. Þetta er í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/87/EB. Sambærilegt ákvæði er í 15. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 26. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 11. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um verkefni Fjármálaeftirlitsins þegar það er eftirlitsstjórnvald samsteypu. Vert er að leggja áherslu á að þótt Fjármálaeftirlitið hafi með höndum verkefni sem tilgreind eru í ákvæðinu, hefur það ekki áhrif á skyldur og verkefni annarra eftirlitsstjórnvalda. Að sama skapi ber að hafa hugfast að þótt búið væri að tilnefna eftirlitsstjórnvald í öðru aðildarríki, sem hefði það hlutverk að kanna viðskipti innan samstæðu sem að hluta til færi í gegnum eftirlitsskylt dótturfélag hér á landi, hefði það ekki áhrif á eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins gagnvart umræddu dótturfélagi.

Um 27. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um upplýsingaskyldu milli eftirlitsstjórnvalda aðildarríkja. Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. og 4. mgr. 26. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum og felur í sér nánari skýringar á hvað felst í skyldu Fjármálaeftirlitsins vegna samvinnu og upplýsingaskipta við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja. Í 2. mgr. greinarinnar eru tilgreind mikilvæg efnisatriði sem Fjármálaeftirlitið þarf að eigin frumkvæði að upplýsa eftirlitsstjórnvöld annarra ríkja um, mögulega með reglubundnum hætti eða eftir því sem málum vindur fram. Í 3. mgr. greinarinnar eru tiltekin atriði sem hafa þarf samráð um við önnur eftirlitsskyld stjórnvöld áður en ákvörðun er tekin í máli sem snýr að fjármálasamsteypu sem Fjármálaeftirlitið hefur viðbótareftirlit með.

Ákvæðið tekur eðlilega eingöngu til þeirrar skyldu sem Fjármálaeftirlitið ber hér á landi m.t.t. upplýsingaskipta við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja. Í öðrum aðildarríkjum fyrirfinnast sambærileg ákvæði við 27. gr. laga þessara, þar sem umræddum stjórnvöldum er skylt að skiptast á upplýsingum og hafa samráð við Fjármálaeftirlitið. Í sumum tilvikum getur það gerst að Fjármálaeftirlitið sem eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypu þyrfti að leita til eftirlitsstjórnvalds annars aðildarríkis þar sem móðurfélag fjármálasamsteypu hefur höfuðstöðvar, og óska eftir að eftirlitsstjórnvaldið afli upplýsinga frá móðurfélaginu sem skipta máli fyrir framkvæmd viðbótareftirlits og sendi Fjármálaeftirlitinu þær upplýsingar. Í því sambandi ber þó að huga að því hvort upplýsingarnar hafa þegar verið veittar eftirlitsstjórnvaldi í samræmi við sérákvæði vegna eftirlits með einstökum aðilum innan fjármálasamsteypu, t.a.m. fjármálafyrirtæki eða váttryggingafélagi, eða, eftir atvikum, vegna eftirlits með eignarhaldsfélögum þeirra eða í tengslum við könnun á fjárhagsstöðu fyrirtækja sem eru ekki eftirlitsskyld innan fjármálasamsteypu. Í slíkum tilfellum ættu upplýsingaskiptin að eiga sér stað á milli Fjármálaeftirlitsins og viðkomandi eftirlitsstjórnvalds með beinum hætti, án þess að kallað væri eftir nýjum gögnum frá viðkomandi eftirlitsskyldum aðilum.

Um 28. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um að aðildarríki skuli sjá til þess að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri blandaðs eignarhaldsfélags í

fjármálastarfsemi séu hæfir til starfans. Ákvæðið er samhljóða 27. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 29. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 15. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um að aðildarríki skuli sjá til þess að eftirlitsstjórnvald hvers ríkis sannprófi upplýsingar sem annað eftirlitsstjórnvald hefur.

Um 30. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 16. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um hvenær eftirlitsstjórnvöld geta farið fram á að fjármálasamsteypa grípi til úrbóta. Ákvæðið er efnislega samhljóða 28. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 31. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 18. og 19. gr. tilskipunar 2002/87/EB og kveður á um hver hafi eftirlit með fjármálasamsteypu þegar hún hefur höfuðstöðvar í ríki utan aðildarríkja og samvinnu við eftirlitsstjórnvöld þar. Ákvæðið er efnislega samhljóða 29. gr. reglna nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 32. gr.

Með þriðju málsgreininni er Fjármálaeftirlitinu fengið það hlutverk að setja reglur til að taka upp þá tæknilegu framkvæmdarstaðla og eftirlitsstaðla sem sameiginleg nefnd evrópsku eftirlitsstofnananna (e. European Supervisory Authorities' Joint Committee) hefur umboð til að vinna. Sameiginlega nefndin er sérhæfð nefnd sem vinnur með aðkomu fulltrúa frá evrópsku eftirlitsstofnununum að samhæfingu málefna sem varða fleiri en eina evrópska eftirlitsstofnun. Undirnefndir sameiginlegu nefndarinnar eru nokkrar, en ein þeirra fjallar sérstaklega um fjármálasamsteypur og málefni þeirra. Aðrar undirnefndir fjalla m.a. um aðgerðir gegn peningabætti, áhættumat fyrir fjármálastöðugleika og breytingar sem gera þarf á eftirlitsstarfsemi þvert á markaði. Undirnefnd sameiginlegu nefndarinnar sem fjallar um fjármálasamsteypur hefur þegar fullunnið tvo tæknilega eftirlitsstaðla og hafa þeir verið birtir sem framkvæmdarreglugerðir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Þeir varða annars vegar eftirlit með samþjöppun áhættu og viðskiptum innan fjármálasamsteypa og hins vegar mati á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli þeirra. Tæknilegu staðlarnir verða síðar teknir upp sem stjórnvaldsfyrirmæli með setningu reglna af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Önnur málsgrein greinarinnar veitir fjármálaráðherra heimild til að setja reglugerð til að útfæra nánar ákvæði laganna.

Um 33. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.